



9. febrúar 2024

Tilv.:2308027

Dreifibréf nr.: 6/2024

Til verðbréfafyrirtækja, lánastofnana, rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða og annarra er málið varðar.

Efni: Uppfærðar viðmiðunarreglur ESMA um tiltekin atriði varðandi mat á hæfi

Dreifibréf þetta er sent til verðbréfafyrirtækja og lánastofnana sem veita fjárfestingarþjónustu í formi fjárfestingarráðgjafar, eignastýringar eða samsettra innstæðna skv. lögum um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021 (mffl.), rekstrarfélaga verðbréfasjóða og rekstraraðila sérhæfðra sjóða sem veita fjárfestingarþjónustu í formi eignastýringar, fjárfestingarráðgjafar eða viðbótarþjónustu skv. mffl., hér eftir félögin, og annarra sem málið varðar.

Evrópska verðbréfaeftirlitsstofnunin (ESMA) gaf út uppfærðar viðmiðunarreglur um tiltekin atriði varðandi mat á hæfi (ESMA35-43-3172 Guidelines on certain aspects of the MiFID II suitability requirements) þann 3. apríl 2023 og sem tóku gildi 3. október sl. Viðmiðunarreglurnar koma í stað eldri samnefndra viðmiðunarreglna ESMA35-43-1163 sem voru teknar upp hérlendis með dreifibréfi nr. 51/2021 þann 17. september 2021.

Viðmiðunarreglurnar gilda um mat á hæfi í skilningi 2. mgr. 25. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2014/65/ESB (MiFID II), sbr. 44. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021 (mffl.) og 54. og 55. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/565. Viðmiðunarreglurnar gilda bæði um almenna fjárfesta og fagfjárfesta. Uppfærðar viðmiðunarreglur eru aðgengilegar á: [ESMA35-43-3172_Guidelines_on_certain_aspects_of_the_MiFID_II_suitability_requirements.pdf](https://www.esma.europa.eu/press-material/press-conferences-and-materials/2023/04/esma35-43-3172-guidelines-on-certain-aspects-of-the-mifid-ii-suitability-requirements.pdf) (europa.eu)

Helstu viðbætur viðmiðunarreglnanna eru, án tæmandi talningar, eftirfarandi:

- Upplýsingagjöf til viðskiptavina varðandi sjálfbærnióskir
 - o Félög ættu að útskýra hugtakið óskir um sjálfbærni fyrir viðskiptavinum og útskýra muninn á vörum með og án sjálfbærnieiginleika á auðskiljanlegu máli.
- Upplýsingaöflun frá viðskiptavinum varðandi sjálfbærnióskir
 - o Félög þurfa að afla upplýsinga frá viðskiptavinum um sjálfbærnióskir þeirra og að hve miklu leyti þeir kjósa að fjárfestingarafurðir þeirra skuli vera sjálfbærar.
- Mat á óskum um sjálfbærni
 - o Félög ættu fyrst að greina hvaða fjármálaafurðir eru viðeigandi fyrir viðskiptavinum í samræmi við þekkingu, reynslu og fjárhagstöðu þeirra og í því framhaldi tilgreina hverjar af þeim vörum uppfylli óskir viðskiptavinarins um sjálfbærni.
- Skipulagskröfur

- Félög þurfa að veita starfsfólki viðeigandi þjálfun svo það geti útskýrt fyrir viðskiptavinum hvað sjálfbærnióskir eru og hver munurinn er á sjálfbærnieiginleikum fjármálaafurða.
- Jafnframt þurfa félög að halda viðeigandi skrár yfir sjálfbærnióskir viðskiptavina og uppfæra þær þegar við á.

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, eiga lögbær yfirvöld og viðkomandi eftirlitsskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum. Tilgangur viðmiðunarreglna er að koma á samhæfðri, skilvirkri og árangursríkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálakerfisins auk þess að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf innan EES.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands beinir því til ofangreindra félaga að kynna sér umræddar viðmiðunarreglur ESMA og taka mið af þeim í starfsemi sinni eftir því sem við á. Fjármálaeftirlitið mun jafnframt styðjast við viðmiðunarreglurnar í eftirlitsframkvæmd og við mat á því hvort kröfum samkvæmt þeim ákvæðum sem fjallað er um hér að framan er fullnægt.

Dreifibréf þetta verður birt á heimasíðu Seðlabankans ásamt slóð á enska útgáfu viðmiðunarreglnanna.

Virðingarfyllt,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Linda Kolbrún Björgvinsdóttir
framkvæmdastjóri
háttsemiseftirlit

Erna Ágústsdóttir
lögfræðingur
háttsemiseftirlit

